

eytt, einkum í neðri bekkjum alþýðuskólans, í eldgamla gyðinglega goðafræði, hjátrúar sögu og miðalda afskræmi siðfræðinnar, er í sinni upprunalegu mynd var eflaust sú fegursta er nokkru sinni hefir verið kend.

Þarna er staðurinn—og það ættum vér að heimta hver og einn—þar sem “hreina flaggið” ætti að vera dregið á stöng. Látið sambands merkið vera, en takið múnkhettu merkið af sálunum; takið burtu merki þröngsýnisins, smásálarskaparins þöngul-haussins, hjátrúna á vald sem ekkert er til—svo einstaklingarnir komi til að sigla undir sínu eigin flaggi. Það er hvorki “hreint” né þeirra eigið flagg sem þeir sigla nú undir. En þetta eru virkileg efni, og það er ervitt fyrir þau að vekja nokkurn áhuga á meðal vor í Noregi. Mentunarástand vort er ekki komið svo langt. Af sömu ástæðu eru stjórnmál vor enn einsog vér sætum á ráðstefnu en ekki löggjafar þingi. Vér þrætumst á um stefnur og tilgang. Önnur lönd eru fyrir afarlöngu búinn að skilja sína stefnu og tilgang og keppast nú við að koma þeim fram í verklegum efnum. Þegar nýtt viðfangsefni ber oss að höndum, í stað þess að taka því með sjálfstrausti og stillingu lendir allt í fumi og felmtri. Það er lýðmentunin sem búinn er að sturla norræna alþýðu. Þetta sýndi sig bezt í fána málinu, og það á báðar síður. Sjómennirnir, vafalaust, þrátt fyrir allt, sýndu þar skarpastann skilning; og það er eðlilegt, iðn þeirra er þess eðlis, hún ber með sér meiri menningu. En þegar Fjallabændur úr fjarlægustu dölum, í ávörpum og orðum telja sér lífsnauðsynlegt að sambands merkið sé tekið burt af fánanum, þá er það fyrirsjáanlegt að það getur ekki annað verið en argasta húmbúg. Því ef ekki er þörf á að leysa úr áþján sitt eigið manngildi, þá getur síður verið þörf á að leysa úr áþján jafn óvirkilegan hlut sem félagsmerkið.

En eg verð að láta þetta, frá minni hlið, nægja um þetta mál. Mér er alveg ómögulegt að samsinna það, og ómögulegt að samsinna með yður, að, vér skáldin séum sérstaklega kölluð til þess að ljá þessu máli fylgi. Eg fæ ekki séð að það sé í vorum verkahring að taka í umsjá vora, frjálsræði og sjálfstæði ríkis-sins, heldur að leitast við að vekja einstaklinginn til frelsis og